HORIZON PARTNERS EHF.

Jafnréttisáætlun

Gender Equality Plan

Horizon Partners ehf. stuðlar að jöfnum tækifærum óháð kyni og öruggu starfsumhverfi. Áætlunin tekur til starfsfólks og stjórnenda og gildir frá samþykkt.

Ábyrgð og eftirfylgni

Samþykkt og birting	Stjórnendur samþykkja og undirrita áætlunina, kynna hana fyrir starfsfólki og birta undirritaða útgáfu á vef fyrirtækisins.
Ábyrgð og úrræði	Stjórnendur tilnefna ábyrgðaraðila og verja að lágmarki einum vinnudegi á ári til framkvæmdar og eftirfylgni. Þeir tryggja aðgang að jafnréttisþekkingu og fá utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf eftir þörfum.
Mælingar og skýrsla	Ábyrgðaraðili tekur árlega saman kynjaskipt gögn um fjölda starfsfólks, stjórnunarhlutverk, ráðningar, laun og þátttöku í fræðslu. Stjórnendur skrá úrbætur og birta árlega stutta samantekt á mælikvörðunum án persónugreinanlegra upplýsinga.
Fræðsla	Allt starfsfólk og stjórnendur fá árlega fræðslu um jafnrétti, ómeðvitaða kynjaskekkju og viðbrögð við áreitni. Ábyrgðaraðili skráir dagsetningu, efni og þátttöku.

Aðgerðir í daglegu starfi

Vinna og einkalíf	Við bjóðum sveigjanleika í vinnutíma og staðsetningu eftir eðli verkefna. Innri fundir fara að jafnaði fram á dagvinnutíma.
Forysta og ákvarðanir	Stjórnendur fara árlega yfir kynjahlutföll í stjórnunarhlutverkum og hver fær að leiða verkefni. Þeir bregðast við ójafnvægi við úthlutun verkefna.
Ráðningar, kjör og starfsþróun	Við notum fyrirfram skilgreind viðmið í öllum ráðningum og tryggjum jöfn tækifæri til starfsþróunar. Við greiðum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og leiðréttum óútskýrðan launamun.
Kynjasjónarmið í verkefnum	Við upphaf Horizon Europe-ráðgjafar metum við hvort og hvernig taka þurfi tillit til kyns í rannsóknarspurningum, gagnasöfnun og greiningu. Við skráum matið í verkefnisgögn.
Áreitni og ofbeldi	Starfsfólk getur tilkynnt um kynbundna eða kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi í trúnaði til stjórnanda að eigin vali. Komi upp hagsmunaárekstur tekur óháður aðili við málinu. Tilkynningar eru kannaðar án tafar og tilkynnendur varðir gegn hefndaraðgerðum.

Undirritun fyrir hönd Horizon Partners ehf.

28. nóvember, 2026

Dagsetning samþykktar